

11. maí 2016

Til nefndasviðs Alþingis.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasvið Alþingis, dags. 4. maí 2016, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar, 672. mál. Landgræðslan gerir ekki efnislegar athugasemdir við áðurgreint frumvarp, en telur að þessi lagasetning og sú sameining stofnana sem hún fjallar um, geri skipulag og samskipti innan skógræktargeirans skýrara og virkara. Ennfremur telur Landgræðslan að þessi breyting muni auðvelda samskipti stofnana í framtíðinni og lýsir því ánægju sinni með umrætt lagafrumvarp.

Með kveðju,
Guðmundur Stefánsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs
Landgræðsla ríkisins
Sími 899 3096/488 3050
Netfang gst@land.is